

# S A M P Y K K T

## um uppsetningu auglýsingaskilta á Hornafirði

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir um uppsetningu skilta þar sem fram koma einhver neðantalinna atriða:

- a) Heiti, starfsemi og afgreiðslutími stofnana og fyrirtækja.
- b) Vara eða þjónusta sem boðin er af fyrirtækjum, einstaklingum eða stofnunum.
- c) Auglýsingar um ýmis atriði svo sem varðandi einstaka viðburði, sölu húseigna, skipulag svæða og breytingar eða viðgerð á mannvirkjum.

Auglýsingar á fjölfolduðum veggspjöldum má einungis festa á skiltastanda eða þar til gerða auglýsingafleti sem leyfi er fyrir. Sá sem hagsmuni hefur af auglýsingu er ábyrgur fyrir því að taka hana niður og má burtu ummerki eftir hana og skal gera það án tafar ef auglýsing hefur verið fest upp á óleyfilegum stað.

Leiki vafí á því hvort skilti eða auglýsing falli undir gildissvið samþykktar þessarar sker byggingarnefnd úr.

### 2. gr.

#### *Almenn atriði.*

Öll skilti skulu sett upp innan lóðar nema staðsetning utan lóðar sé sérstaklega heimiluð af bæjarráði.

Gæta skal þess sérstaklega við gerð og uppsetningu skilta að vegfarendum stafi ekki hætta af þeim og að þau valdi ekki tjóni á öðrum eignum. Þannig skulu skilti sem standa við og yfir akbraut, akfæra stíga eða bílastæði vera a.m.k. í 4,20 m hæð yfir umferð og skilti sem standa við og yfir göngustíga og gangbrautir vera í a.m.k. 2,60 m hæð yfir umferð.

Við hönnun skilta skal taka mið af stærðarhlutföllum, formi og litum, sem hæfa umhverfinu. Skilti mega vera sjálflýsandi eða lýst upp með ljóskösturunum en leyfi fyrir ljósa- eða flettiskiltum með breytilegum skilaboðum verða einungis veitt að teknu tilliti til umferðaröryggis og hagsmuna nágranna.

Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti í þéttbýli á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema lóðin sé lengri en 200 m í stefnu samsíða götu.

### 3. gr.

#### *Leyfisskylða.*

Almennt þarf leyfi byggingarfulltrúa fyrir uppsetningu skilta sem eru stærri en 1,5 fermetrar. Þá þarf og sækja um leyfi fyrir smærri skiltum ef þau eru mjög áberandi eða um er að ræða ljósa- eða flettiskilti.

4. gr.

*Umsóknir um leyfi.*

Umsóknir um leyfi fyrir uppsetningu skilta skulu vera skriflegar og berast byggingarfulltrúa ásamt nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. afstöðu- og útlitsmyndir og greinargerð um frágang og festingar. Byggingarfulltrúi veitir leiðbeiningar um það hvaða gögn teljast nauðsynleg hverju sinni.

Byggingarnefnd getur mælt fyrir um að fjarlægja skuli skilti sem sett hefur verið upp án leyfis eða í bága við skilmála leyfis.

5. gr.


*Gildistaka.*

Samþykkt þessi er sett skv. ákvæðum 6. gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998 og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt i byggingar- og skipulagsnefnd Hornafjarðar 13. október 1998.*

*Samþykkt i bæjarstjórn Hornafjarðar 5. nóvember og 3. desember 1998*





Umhverfisráðuneytið  
Vonarstræti 4  
150 Reykjavík

Hornafirði, 26. febrúar 1999

**Málefni: Samþykkt um uppsetningu auglýsingaskilta á Hornafirði.**

Hjálögð sendist ráðuneytinu til staðfestingar, samþykkt bæjarstjórnar Hornafjarðar um uppsetningu auglýsingaskilta á Hornafirði.

Samþykktin er sett á grundvelli 6. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og óskast birt að fenginni staðfestingu.

Texti samþykktarinnar fylgir enn fremur á tölvutæku formi.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Þórhallsson,  
settur bæjarstjóri.

